

sjáum við sjálfmyndir eftir Van Gogh í rétttri timaröð frá hinni fyrstu og minnstu sem er næst sólinni, til hinnar stærstu sem hann málaði síðast. Að ofan sjáum við eftirmyndir málverka m.a. „Landslag við Grandville“ með trjám sem orðin eru að penslum. Þar fyrir ofan sjáum við þversneid af innviðum eyrans. Efst til vinstri sjáum við svefnherbergi Van Goghs með mynd af Maó sem er andstæða hans. Fyrir miðju til vinstri sjáum við Van Gogh lokaðan inni á vinnustofu sinni og þar er honum færður matur. Vinnustofan er jafnframt peningaskápur sem gætt er af kaupahéðnum, en þeir hafa auðgast mjög af málverkum listamannsins. Fyrir miðju er portrett, ljósmynd af Van Gogh á unga aldri. Umhverfis unga manninn eru kassar með málverkum eins og líkkistur. Neðst til vinstri er kona eftir Píkassó en hún situr á stól eftir Van Gogh. Þessi samsetning á að sýna hve stíll beggja einkennist af lipurleika og hamingju. Neðarlega fyrir miðju er Van Gogh að flýja úr skurðstofunni í kvikmyndinni „MASH“. Efst til hægri er sjálfmynd af Van Gogh innlokubum fyrir málverksin sem eru ýkt á lengdina. Þar við hliðina er fimleikafólk frá Asíu hangandi á hárinu að snæðingi en það merkir áhrifin frá japanskri og kínverskri list í verkum Van Gogh."

**Um hvað er fjallað**

Erro fjallar um samtíðina, Vietnam-stríðið, geimferðir, bílisma, flug, stjórnmál. Hann leiðir saman andstæður og hver einasta mynd svo að segja hefur dýpra inntak eins og djúphugsað ljóð. Hann virðist nota Kínverja og kínverskt myndefni á svipaðan hátt og Bertold Brecht í leikritum sínum, þar sem áherzlan er lögð á annarlegan stað.

Mynd er af barni sem fær pela en jafnframt samfélagstákníð eða reikninginn fyrir uppeldið og forsjána, en það eru handjárn um fætur. Það er örðugt að segja þetta allt á prenti, — en það skilst á hinn bóginn vel í málverkum Errós.

Undirritaður hefur til þessa verið fremur tortrygginn á að það stæði mikið í bókum umfram það sem prentað er í þeim, þótt háskóladeildir bjargi með því í horn þegar góðir menn eiga í hlut. Í myndum Errós er þetta á hinn bóginn svo sterkur þáttur í myndverkunum, að hugleiðsla er nauðsynleg við hverja einustu mynd. Þar hafa því tvíþætt gildi. Myndlistarlegt — og svo eru þar líka allar að segja þér eitthvað.

Inntakið er oftast samúð eða óttinn við að eitthvað hræðilegt kunní að gerast og þótt stjórnmál beri á göma gerist það ekki með þeim hætti að verkin verði bibliusögur fyrir ákveðinn söfnuð.

Charlie Chaplin var gamanleikari einn af þeim betri, en hann var líka alltaf að segja eitthvað einkum þó áður en talmyndirnar komu. Málverk Errós fara svipaða leið.

Þetta er áhrifamikil sýning en þó vantar mikið af þýðingarmiklum verkum t.d. öll „scape-in“ sem ef til vill eru hápunktur á list Errós.


Myndirnar eru dregnar hingað til lands frá svo að segja öllum heimshlutum og í rauninni undrast maður hversu margar þær eru, jafnvel þótt þessi ljúfi maður hafi ekki setið auðum höndum um dagana.

Slóð hans liggur víða um fjarlæg lönd og álfur og það var í raun og veru ekki vanzalaust, hvað það hafði dregið að fá hann hingað heim aftur með myndir.

Við erum því þakklát stjórn og framkvæmdastjóra listahátíðar fyrir að hafa upp á honum Erró.


**HAPPRÆTTI FRAMSÓKNARFLOKKSINS**


KOSNINGAHAPPRÆTTI FRAMSÓKNARFLOKKSINS 1978 Nr. 3971



HEILDARVERDMÆTI VINNINGA KR. 2.500.000.

VERÐ MIÐANS KR. 500.





ÚTRÁTTUR 16. JÚNÍ 1978

UPPLÝSINGAR Á SKRIFSTOFU FRAMSÓKNARFLOKKSINS, RAUÐARÁRSTÍG 18 - SÍMI 24493.

**VINNINGAR:**


- Sumarhúsarlóð í Grímseyri, 10 þús. fern. 400.000
- Trésmíðavélar, hefil, hjólag, stíflari, fræsari, borvél og tilheyrandi motor 400.000
- Litsjónvarpstæki Toshiba 20" 344.000
- Segibátur vatnabátur með seglum og vagn 340.000
- Litsjónvarpstæki Toshiba 14" 262.000
- Hljómflutningstæki SM stereo 162.000
- Sunnufé til sólarínda eftir vali 150.000
- 8-10. Sama, kr. 77 þús. hver vinn. 231.000
- 11-13. Vasatölvur, Toshiba á kr. 15 þús. hver vinn. 45.000
- 14-20. Sama, kr. 8 þús. hver vinn. 56.000

Samtals 20 vinningar ..... Kr. 2.500.000

Sumarhúsarlóð, trésmíðavélar, litsjónvarpstæki, bátur, ferðir, hljómflutningstæki o.fl. í boði. Útráttur í happdrættinu fer fram 16. júní n.k. og verður ekki frestað. Menn eru því eindregið hvattir til að pantast sér miða, ef þeir hafa ekki fengið þá heimsenda. Verð miðans kr. 500.- Skrifstofa happdrættisins, Rauðarárstíg, 18, Reykjavík er opin til dráttardags á sama tíma og kosningaskrifstofurnar og þar eru miðar seldir. Þeir, sem fengið hafa gíróseðil með miðunum, geta framvísað greiðslu með þeim í hvaða peningastofnun eða pósthúsi sem er.

**86-300**

Ritstjórn, skrifstofa og afgreiðsla



**BÍLALÉIGA BÍLASALA**

LEIGJUM ÚT NÝJA FORD FIESTA LADA TOPAS - MAZDA 818

Verð: pr. sólahring kr. 4.500.- pr. ekinn km. kr. 38.-

**Braut sf.**

Skeifunni 11 - Sími 33761

Híð framandlega umhverfi sjálfsgöðra hluta veldur því að þeir fá nýtt inntak. Í einni mynd sjáum við fólk sem syngur og æpir á lausn vandans: á sömu mynd leitast visindamaður að lausninni í tilraunaglösum og flösku.

Einhversstaðar segir að sannleikurinn sé ekki í bókum, ekki einu sinni í góðum bókum, en það er dálítið af honum í þessum myndum og því má segja að erindi þeirra hingað séu brýn.

Jónas Guðmundsson



Timamyndir: Róbert.

**LIST SÝNING Á LISTAHÁTÍÐ**

HEIMILISÍÐNADARFÉLAG ÍSLANDS ÍSLENZKUR HEIMILISÍÐNADUR

OPNAR LISTSÝNINGU Í VERZLUNINNI HAFNARSTRÆTI 3

Sýndir verða listmunir eftir Jóninu Guðnadóttur leikerasmið og Jens Guðjónsson gullsmíð. Sýningin er opin á venjulegum verzlunartíma kl. 9.00—18.00 nema laugardegi kl. 9.00—12.00.



Hafnarstræti 3.

